

**Nd.**

**610. Nefndarálit**

[198. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breyting á þeim lögum, og um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls.

Undirritaðir nefndarmenn eru andvígir þeirri skattheimtu sem hér er stofnað til.

Það er ljóst, að ríkisstjórnin ætlar að halda við þá iðju sína að bæta pinklum á þjóðfélagsþegnana fram á síðasta dag.

Pungaskattur á bifreiðar var felldur niður 1974, í stað þess tekið upp bensíngjald, sem grundvallast á því, að skattlagning bifreiða sé samkvæmt notkun þeirra en ekki þunga.

Það er hins vegar vitað, að í vaxandi mæli hefur ríkisstjórnin dregið til ríkissjóðs tekjur af umferðinni og þannig rýrt tekjur Vegasjóðs, en framlag ríkissjóðs verið skorið niður. Þess vegna á nú að bæta enn einum skattinum við.

Öllum þessum vinnubrögðum er lýst í nefndaráliti minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar Ed. Þar er og gerð grein fyrir þróun þessara mála. Þó er ástæða til að benda á að sá skattur, sem nú skal á lagður, kemur ákaflega misjafnlega niður bæði á einstaklinga og fyrirtæki.

Eðlilegt er t. d. að telja að þyngri byrðar verði ekki lagðar á aldraða og öryrkja með góðu móti vegna þeirrar nauðsynjar sem þeim er að hafa bifreið til umráða. Af þeim sökum leggjum við til, að þeir verði undanþegnir við álagningu hins nýja skatts, og flytjum breytingartillögu á þingskjali 611.

Alþingi, 11. mars 1983.

Matthías Á. Matthiesen,  
frsm.

Matthías Bjarnason.

Albert Guðmundsson.